

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Stofnunin skiptist fyrst um sinn í fimm stofur, sem starfa á eftirtöldum sviðum:

Á eftir IV. tölulið sömu greinar komi nýr liður, svo hljóðandi:

V. **Reiknistofa**, (þjónustu- og rannsóknastofa í hagnýtingu rafreikna).

Starfssvið: Reikniþjónusta við Háskóla Íslands, einkum við rannsóknastarfsemi allra deilda og stofnana Háskólans, og við aðila utan hans, rannsóknir og kennsla, er snerta hagnýtingu rafreikna.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Forstöðumanni reiknistofu til ráðuneytis skulu vera þrír menn, tilnefndir til eins árs í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af háskólaráði úr hópi fastra kennara annarra háskóladeilda en verkfræði- og raunvísindadeildar, annar tilnefndur af deildarráði verkfræði- og raunvísindadeildar úr hópi fastra kennara deildarinnar og hinn þriðji af menntamálaráðuneytinu fyrir aðila utan háskólans, sem notfæra sér þjónustu reiknistofunnar. Skulu þeir koma saman til fundar ásamt forstöðumanni eigi sjaldnar en ársfjórðungslega til að ræða notkunarsvið og verkefni rafreiknis reiknistofunnar. Þá skulu þeir og gera tillögur um breytingar á gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu reiknistofunnar. Heimilt er háskólaráði að tilnefna tvo menn til viðbótar forstöðumanni til ráðuneytis.

3. gr.

Upphafsmálsgrein 5. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skipa sjö menn sem hér segir:

b-liður sömu greinar orðist svo:

Fimm forstöðumenn rannsóknastofanna.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisé samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni, og eigin tekjum reiknistofu.

Á eftir setningunni „Öflun tekna á þennan hátt og ráðstöfun þeirra er háð samþykki stjórnarinnar“, komi tvær nýjar setningar, svo hljóðandi:

Eigin tekjum reiknistofu skal varið í þágu starfsemi á vegum stofunnar. Gjaldskrá reiknistofu skal lögð fram árlega með fjárlagatillögum Raunvísindastofnunar og auglýst.

5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1972 að telja. Við gildistöku hennar er Reiknistofnun háskólans lögð niður, en Raunvísindastofnun háskólans tekur við hlutverki hennar og eignum.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. desember 1971.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.